



Endurskoðun samþykkt

Almenni lífeyrissjóðurinn

Ársfundur 2023

1. Breytingar er varða tilgreinda séreign

1.1. Ráðstöfun iðgjalda til tilgreindrar séreignar (sjóðfélagar Almenna)

Núverandi ákvæði

- 4.1** Sjóðfélagar geta greitt bæði lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn. Lágmarksiðgjald skal vera það iðgjald sem tilgreint er í 2. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Af lágmarksiðgjaldi greiðist iðgjald til lágmarkstryggingaverndar samkvæmt lögum í samtryggingarsjóð, sem skilgreint er í töflu 1 í 6. kafla, en eftirstöðvar í séreignarsjóð. Viðbótariðgjald greiðist í séreignarsjóð en sjóðfélagar geta sótt um að greiða viðbótariðgjald í samtryggingarsjóð sbr. grein 21.1.

Tillaga að breytingu

- 4.1.** Sjóðfélagar geta greitt bæði lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn. Lágmarksiðgjald skal vera það iðgjald sem tilgreint er í 2. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Af lágmarksiðgjaldi greiðist iðgjald til lágmarkstryggingaverndar samkvæmt lögum í samtryggingarsjóð, sem skilgreint er í töflu 1 í 6. kafla, en eftirstöðvar í séreignarsjóð. Viðbótariðgjald greiðist í séreignarsjóð en sjóðfélagar geta sótt um að greiða viðbótariðgjald í samtryggingarsjóðs sbr. gr. 21.1. **Sjóðfélagar geta einnig valið að ráðstafa iðgjöldum til tilgreindrar séreignar en slík ráðstöfun skal byggjast á skriflegum samningi við sjóðinn.**

Rökstuðningur

Með lögum nr. 55/2022 var tilgreind séreign lögfest sem sparnaðarform í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með breytingunni er lífeyrissjóðum gert heimilt að bjóða sjóðfélögum sínum að ráðstafa allt að 3,5% af launum í tilgreinda séreign. Nýti sjóðfélagi ekki heimild sína til að ráðstafa hluta iðgjalds síns til tilgreindrar séreignar skiptist iðgjald hans óbreytt frá því sem nú er. Með tillögunni er sjóðfélögum gert kleift að nýta sér þessa heimild í lögunum.

1.2. Ráðstöfun iðgjalda sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða til tilgreindrar séreignar hjá Almenna lífeyrissjóðnum

Tillaga að nýju ákvæði

- 4.6.** Sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða geta valið um að ráðstafa hluta lágmarksiðgjalds í tilgreinda séreign hjá Almenna lífeyrissjóðnum, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í þeim tilvikum gilda útborgunarreglur þess lífeyrissjóðs sem lágmarksiðgjald er greitt til um tilgreinda séreign sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 og gr. 12.2 í samþykktum þessum.

Rökstuðningur

Með lögum nr. 55/2022 var tilgreind séreign lögfest. Lagt er til að heimildarákvæði verði komið inn í samþykktir Almenna lífeyrissjóðsins sem kveður á um að sjóðnum sé heimilt að taka við hluta lágmarksiðgjalds sjóðfélaga í öðrum lífeyrissjóðnum sem óska að greiða tilgreinda séreign til sjóðsins. Í þeim tilvikum gilda útborgunarreglur þess sjóðs sem lágmarksiðgjald er greitt til eins og áskilið er í nefndri lagagrein.

1.3. Heimild fyrir Almenna að taka við fluttri séreign

Tillaga að nýju ákvæði

- 14.4.** Almenna lífeyrissjóðnum er heimilt að taka við séreign úr öðrum lífeyrissjóðum eða vörsluaðilum samkvæmt beiðni einstaklings sem kys að flytja inneign sína til sjóðsins. Skal einstaklingurinn undirrita eyðublað þess efnis og gerast aðili að sjóðnum með samningi.

Rökstuðningur

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur tekið við fluttri séreign samkvæmt undirritaðri beiðni einstaklinga um nokkurt skeið. Lagt er til að heimildarákvæði þess efnis verði komið inn í samþykktir sjóðsins svo að þær endurspegli núverandi verklag og starfsemi sjóðsins betur.

1.4. Ákvæði um útborgun séreignar

Tillaga að nýju ákvæði

- 12.2.** Fyrirkomulag samkvæmt grein 12.1 í samþykktum þessum gildir ekki um tilgreinda séreign skv. gr. 4.1, 4.6 og 14.4 í samþykktum þessum. Heimilt er að hefja útgreiðslu tilgreindrar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð a.m.k. 62 ára aldri. Útgreiðsla skal dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því að lífeyrisþegi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda út og þar til hann nær 67

ára aldri. Þegar sjóðfélagi nær 67 ára aldri er heimilt að greiða tilgreinda séreign út í einni greiðslu, nema sjóðfélagi óski annars. Missi sjóðfélagi starfsorku gildir gr. 12.5 og við andlát gildir ákvæði 12.6 í samþykktum þessum.

Afleiddar breytingar

Greinar 12.2-12.7 færast um einn til baka.

Grein 12.2 → 12.3.

Grein 12.3 → 12.4.

Grein 12.4 → 12.5

Grein 12.5 → 12.6

Grein 12.6 → 12.7

Grein 12.7 → 12.8

Einnig þarf að breyta tilvísun í gr. 12.7 (áður 12.6) vegna þessara breytinga.

Tillaga að breyttu ákvæði:

12.7. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum um útborgun inneignar ef inneign í séreignarsjóði er undir kr. 1.410.100, en sú fjárhæð breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 489,3 í janúar 2021. Í þeim tilvikum skal greiða sjóðfélaga inneignina á skemmri tíma en fram kemur í greinum **12.2., 12.3. og 12.5. í samþykktum þessum** eða með eingreiðslu ef sjóðfélagi óskar þess.

Rökstuðningur

Þar sem lagt er til að Almenni gefi sjóðfélögum sínum kost á að ráðstafa hluta af lágmarksiðgjaldi til tilgreindrar séreignar er nauðsynlegt að ákvæði um útborgun tilgreindrar séreignar sé að finna í samþykktum sjóðsins. Ákvæðið mælir því fyrir um útborgunarreglur Almenna lífeyrissjóðsins er varðar tilgreinda séreign hjá sjóðnum.

Lagt er til að ákvæðið komi inn sem gr. 12.2. í samþykktum sjóðsins, sem hefur þær afleiddu breytingar í för með sér að greinar 12.2.-12.7. færast um einn aftur og verða því að greinum 12.3.-12.8. Einnig hefur það í för með sér að breyta þarf tilvísun í aðrar greinar í ákvæði gr. 12.7., sem fyrir breytingar á samþykktum er gr. 12.6.

2. Aðrar breytingar

2.1. Hlutverk sjóðsins

Núverandi ákvæði

2. grein. Hlutverk

- 2.1 Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að tryggja sjóðfélögum og mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt þeim reglum sem hér fara á eftir.
- 2.2 Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og tryggja þeim lágmarks-tryggingavernd skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ennfremur að taka við viðbótariðgjöldum til þess að sjóðfélagar geti aukið lífeyrisréttindi sín.

Tillaga að nýju ákvæði

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að taka við lágmarks- og viðbótariðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að tryggja sjóðfélögum og mökum þeirra og börnum lífeyri og lágmarkstryggingavernd skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og þeim reglum sem hér fara á eftir.

Rökstuðningur

Í 2. gr. samþykkt sjóðsins er kveðið á um hlutverk sjóðsins í tveimur greinum. Greinarnar eru að efni til nánast þær sömu og því er lagt til að sameina þær í eina grein til einföldunar.

2.2. Varamaður í endurskoðunarnefnd

Núverandi ákvæði

- 6.5 Stjórn sjóðsins skal á fyrsta fundi sínum eftir ársfund skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd til eins árs í samræmi við 108. gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Endurskoðunarnefndin leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:
 1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
 2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
 3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
 4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
 5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Tillaga að breyttu ákvæði

- 6.5** Stjórn sjóðsins skal á fyrsta fundi sínum eftir ársfund skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd **og einn varamann** til eins árs í samræmi við 108. gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Endurskoðunarnefndin leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:
1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
 2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
 3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
 4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
 5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Rökstuðningur

Endurskoðunarnefnd gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins. Til að tryggja skilvirkni og áreiðanleika nefndarstarfa er lagt til að stjórn skipi varamann í nefndina samhliða því er hún skipar þrjá aðalmenn. Varamaður kæmi þá inn á fund endurskoðunarnefndar í forföllum aðalmanns.

2.3. Um samþykktabreytingar og heimildir stjórnar

Tillaga að nýju ákvæði

- 8.4.** Stjórn sjóðsins hefur heimild til að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í 30. gr. laga nr. 129/1997 og í samræmi við samþykktir þessar, ef slíkar breytingar leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.
- 8.5.** Stjórn sjóðsins skal innan mánaðar frá því að breytingar voru samþykktar af stjórn eða sjóðfélagafundi tilkynna ráðherra um þær í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997 og öðlast breytingar á samþykktum ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær.

Rökstuðningur

Í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að stjórn lífeyrissjóðs sé heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í 30. gr. ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Lagt er til að sams konar heimild sé komið fyrir í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins.

Í 28. gr. sömu laga kemur fram áskilnaður um að samþykktabreytingar sem samþykktar voru á ársfundi eða sjóðfélagafundi öðlist ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær. Lagt er til að ákvæði þess efnis verði komið fyrir í 8. gr. samþykktu Almenna lífeyrissjóðsins. Er það gert til að skýra ferlið við breytingar á samþykktum sjóðsins.

2.4. Breyting á fyrirsögn vegna endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara

Núverandi ákvæði

27. gr. Flutningur réttinda til annarra lífeyrissjóða

- 27.1. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Flutt réttindi skulu miðast við niðurstöðu síðasta tryggingaruppgjör sjóðsins þannig að flutningur réttinda sé gerður á tryggingafræðilega réttum forsendum.

Tillaga að breyttu ákvæði

27. gr. Endurgreiðsla iðgjalda til erlendra ríkisborgara

- 27.1. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Endurgreidd iðgjöld Flutt réttindi skulu miðast við niðurstöðu síðasta tryggingaruppgjör sjóðsins þannig að flutningur réttinda-iðgjalda sé gerður á tryggingafræðilega réttum forsendum.

Rökstuðningur

Við yfirlstur á samþykktum kom í ljós að fyrirsögn á 27. gr. var ekki í samræmi við efni ákvæðis hennar. Ákvæðið fjallar um endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara, en ekki flutning réttinda til annarra lífeyrissjóða, og þykir því rétt að breyta fyrirsögninni þannig að hún sé í eðlilegu samhengi við ákvæði greinarinnar.

2.4. Tilvísun til laga og samþykktu

Núverandi ákvæði

- 4.3 Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta sbr. 7. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gjaldþagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Sjóðfélaga ber að fylgjast með að iðgjaldagreiðslur berist sjóðnum. Ef sjóðfélagi tilkynnir ekki sjóðnum um vangoldin lífeyris-

iðgjöld ber hann kostnað og áhættu af innheimtu vangoldinna lífeyrисиðgjalda sem fallið hafa í gjalddaga 19 mánuðum fyrir frestdag eða fyrr.

- 5.5** Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd sjóðsins og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, sbr. 29. grein.

Tillaga að breyttum ákvæðum

- 4.3** Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta sbr. 7. grein laga **nr. 129/1997** um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Sjóðfélagi ber að fylgjast með að iðgjaldagreiðslur berist sjóðnum. Ef sjóðfélagi tilkynnir ekki sjóðnum um vangoldin lífeyrисиðgjöld ber hann kostnað og áhættu af innheimtu vangoldinna lífeyrисиðgjalda sem fallið hafa í gjalddaga 19 mánuðum fyrir frestdag eða fyrr.
- 5.5** Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd sjóðsins og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, sbr. 29. grein **í samþykktum þessum.**

Rökstuðningur

Lagt er til að tilvísunum í annars vegar lög nr. 129/1997 og hins vegar samþykktir sjóðsins sé komið fyrir í tveimur ákvæðum til að gæta að samræmi og skýrleika.